

SIÐANEFND BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

Mál nr. 1/2022-2023.

Kærandi: Ólafur Kristinsson, lögmaður.

Kærðu: Mannlíf, Reynir Traustason og Trausti Hafsteinsson.


Kæruefni: Umfjallanir í Mannlífi um kæranda.


Málsmeðferð: Kæran barst Siðanefnd 2. maí 2022. Siðanefnd fjallaði um málið á fundum sínum 17. og 31. maí 2022.

Umfjöllun: Samkvæmt 6. gr. siðareglna skal sá sem vill kæra ætlað brot til Siðanefndar fyrst leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Eins og málið liggur fyrir Siðanefnd verður ekki séð að kærendur hafi leitað leiðréttingar hjá kærðu með skýrum hætti þannig að framangreint skilyrði teljist uppfyllt. Vísað er til fordæmisgefandi úrskurða í málum 3/2013-2014, 3/2015-2016, 4/2018-2019, 4/2019-2020 og eldri málum. Yfirlýsing sem var send fjölmiðlum almennt getur ekki talist slík leiðréttingaósk til viðkomandi fjölmiðils. Verður máli þessu því vísað frá nefndinni.

Úrskurður: Máli 1/2022-2023 er vísað frá Siðanefnd.

Reykjavík, 31. maí 2022.


Pálmi Jónasson


Ásgeir Þór Árnason


Valgerður Jóhannsdóttir


Friðrik Þór Guðmundsson


Emma Björg Eyjólfsdóttir